



ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTEFNA SVEITARFÉLAGSINS ÁRBORGAR

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar ákvað haustið 2007 að láta gera heildarúttekt á íþróttá- og tómsundamálum í Árborg með framtíðarstefnumörkun í huga. M.a. var gerður samningur við ráðgjafafyrirtækið Rækt ehf. um framkvæmd þessarar úttektar og stefnumótunarvinnu. Niðurstöður úttektarskýrslu Ræktar ehf. voru kynntar á fjölmennum íbúafundi vorið 2008.

Með hliðsjón af framansögðu ákvað ÍTÁ að ráðast í endurskoðun á núverandi íþróttá- og tómsundastefnu Sveitarfélagsins Árborgar.

Tilgangurinn er að allir verði meðvitaðir um markmið sveitarfélagsins í málaflokknum.

Kröfur samtímans um fjölskylduvænt samfélag kalla m.a. á fyrirmyndar aðstöðu til íþróttá- og tómsundaiðkunar. Mikill félagsauður er í samfélagi okkar og það er á stefnuskrá sveitarfélagsins að vinna markvisst að því að virkja þann auð með aukinni samvinnu og upplýsingum á sem flestum sviðum.

Sveitarfélagið Árborg hefur og gefið út nýja forvarnastefnu ásamt meðfylgjandi aðgerðaáætlun en hún skal endurnýjuð árlega.

Íþróttá- og tómsundamál eru mikilvægur liður í forvörnum og rannsóknir sýna að þeir sem stunda skipulagða íþróttá- og/eða tómsundastarfsemi eru ólíklegri til að falla fyrir vímuefnum og/eða leiðast inn á aðrar óæskilegar brautir. Með það í huga hefur Sveitarfélagið Árborg ákveðið að styðja sérstaklega við starfsemi akademíanna í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi stefnumörkun ÍTÁ, ásamt forvarnastefnu og meðfylgjandi aðgerðaáætlun sveitarfélagsins, er liður í fjölskyldustefnu þess, sem hafa skal að leiðarljósi og starfa eftir.

Sveitarfélaginu Árborg, Selfossi, 18. sept. 2008
Gylfi Þorkelsson, formaður ÍTÁ



1. ÁHERSLUR

Áherslur sveitarfélagsins í íþróttá- og tómstundastarfi eru:

- Að gæta jafnræðis í hvívetna og veita öllum tækifæri til að eflast og þroskast á eigin forsendum, óháð efnahag, búsetu, aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð eða annarri sérstöðu og efla þar með félagsauðinn
- Að leggja áherslu á mikilvægi íþróttá- og tómstunda sem forvörn og gæta þess ávallt að fjölbreytni sé í fyrirrúmi
- Að fjölga þátttakendum og bæta almennt heilsufar íbúanna og leitast við að bjóða ávallt upp á bestu mögulegu aðstæður til æfinga og keppni
- Að skapa möguleika á samfelldum vinnudegi fyrir börn á grunnskólaaldri í skóla-, íþróttá- og tómstundastarfi og þar með jákvæða ímynd og eftirsóknarverð búsetugæði
- Að kröfur um menntun, hæfni og reynslu þeirra sem leiðbeina og þjálfá séu skilgreindar með því að leggja áherslu á mikilvægi góðra leiðtoga
- Að efla aðkomu ungmenna að starfsemi og stjórnýslu sveitarfélagsins sem verði bæjarstjórn Árborgar til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu
- Að styrkja frumkvæði og sjálfstæða hugsun einstaklinga og efla sjálfsmynd þeirra
- Að akademíur í Árborg séu ávallt í fremstu röð og leiðandi á sínu sviði
- Að vinna markvisst gegn brotfalli ungmenna úr íþróttá- og tómstundastarfi

2. LEIÐIR AÐ SETTU MARKI

2.1 Íþróttá- og tómstundastarf

Leiðir:

- Að styrkja innra starf og starfsemi félaga sem starfa að íþróttá- og tómstundamálum
- Að tryggja ávallt gott aðgengi og veita nauðsynlega aðstoð hverju sinni
- Að kynna markvisst starf þeirra félaga sem starfa að íþróttá- og tómstundamálum¹
- Að styrkja ýmsa viðburði tengda íþróttá- og tómstundamálum
- Að efla nýja íþróttá- og tómstundastarfsemi
- Að efla samstarf milli íþróttafélaga og deilda innan þeirra þannig að börnum gefist kostur á að stunda fleiri en eina íþróttagrein
- Að hafa í fyrirrúmi að ávallt séu ráðnir sérþjálfaðir leiðbeinendur í störf sem tengjast íþróttá- og tómstundastarfi
- Að leggja áherslu á að leita nýrra leiða þar sem leikræn tjáning kemur inn sem þáttur í þjálfun íþróttamanna



- Að jafna tækifæri kynjanna til að stunda íþrótt- og tómstundastarf
- Að árlega verði hugað að sérstöku átaksverkefni til eflingar íþrótt- og tómstundastarfi
- Að skóla-, íþrótt- og tómstundastarf myndi samfelldan vinnudag svo nægur tími verði til samveru með fjölskyldu²
- Að leggja lið og taka þátt í rannsóknum sem geta bætt líðan og heilsu barna og ungmenna sem og að hafa samvinnu við þá sem sérhæfa sig í þessum málum, s.s. Lýðheilsustöð

2.2 Ungmennaráð / UNGSÁ


Leiðir:

- Að ungmennaráð starfi í sveitarfélaginu og sé bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks³
- Að ungmennaráð fái leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum og hvernig Sveitarfélagið Árborg er byggt upp með tilliti til ákvarðanatöku
- Að ungmennaráð fá frjálsar hendur með þau málefni sem það fjallar um
- Að ungmennaráð hafi greiðan aðgang að bæjarstjórn og geti þar lagt fram tillögur sínar
- Að ungmennaráð fundi í apríl ár hvert með bæjarstjórn Árborgar
- Að ungmennaráð starfi eftir erindisbréfi sem samþykkt var í bæjarráði 3. jan. 2008
- Að forstöðumaður ungmennahúss hafi umsjón með starfi ráðsins

2.3 Félagsmiðstöð / Zelsíuz

Leiðir:

- Að félagsmiðstöðin sé leiðandi í félags- og tómstundastarfi fyrir aldurinn 13–16 ára
- Að hvetja ungmennin og veita þeim stuðning við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd
- Að hafa ávallt fjölbreytt framboð af tómstundatilboðum í formi klúbba, fyrirlestra, námskeiða o.fl.
- Að upplýsingar um starfsemina séu ávallt skýrar og aðgengilegar á heimasíðu Zelsíuz
- Að starfsfólk/leiðbeinendur geti af fagmennsku, í samráði við umsjónarmann, veitt upplýsingar og aðstoðað ungmenni við úrlausnir
- Að félagsmiðstöðin sé vímuefnalaus og vinni að almennum forvörnum í samstarfi við starfsmenn Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar, áhugafélög, samtök og aðrar stofnanir
- Að félagsmiðstöðin geri sérstaka samninga við grunnskólana um nána samvinnu milli þessara stofnana varðandi tómstundastarfsemi
- Að góð samvinna og samráð sé á milli félagsmiðstöðvar og ungmennahúss svo og við einstaklinga og félög sem óska eftir að starfa innan vébanda félagsmiðstöðvar
- Að félagsmiðstöðin skuli ávallt vera í góðu samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar á landinu og taka þátt í stefnumótun þess starfs eftir föngum



2.4 Ungmennahús

Leiðir:

- Að ungmennahús starfi í sveitarfélaginu og sé leiðandi í félags- og tómstundastarfi fyrir 16 ára og eldri
- Að umsjónarmaður ungmennahúss, ásamt UNGSÁ og í samvinnu við nemendafélag FSu, móti stefnu og reglur hússins
- Að hvetja ungmenni og hópa til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og auka möguleika þeirra með því að veita þeim aðstöðu og stuðning við framkvæmdir þeirra
- Að hafa ávallt fjölbreytt framboð af tómstundum í formi klúbba, fyrirlestra, námskeiða o.fl.
- Að upplýsingar um starfsemina séu ávallt skýrar og aðgengilegar á heimasíðu ungmennahússins
- Að starfsfólk/leiðbeinendur geti af fagmennsku, í nánú samráði við umsjónarmann og aðra hlutaðeigendur, veitt upplýsingar og aðstoðað ungmenni við úrlausnir
- Að ungmennahúsið sé vímuefnalaust og vinni að almennum forvörnum í samstarfi við starfsmenn Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar, áhugafélög, samtök og aðrar stofnanir
- Að góð samvinna og samráð sé á milli félagsmiðstöðvar og ungmennahúss, svo og við einstaklinga og félög sem óska eftir að starfa innan vébanda ungmennahúss
- Að ungmennahúsið skuli ávallt vera í góðu samstarfi við aðrar sambærilegar stofnanir á landinu og taka þátt í stefnumótun þess starfs eftir fönfum
- Að stofnað verði sérstakt hollvinafélag til að styrkja og styðja við starfsemina með liðsinni foreldra, félaga og fyrirtækja í bænum⁴



2.5 Forvarnir

Leiðir:

- Að gefa út forvarna- og aðgerðaáætlun sem endurnýjast árlega⁵
- Að undirstrika í kynningum mikilvægi þess að foreldrar og forráðamenn kynni sér sérstaklega „mikilvæg skilaboð til foreldra“ og mismuninn á „almennum og sértækum forvörnum“
- Að efla þátttöku íþróttá- og tómstundafélaga í forvörnum með því að hafa sérstakar kynningar á þeim þáttum innan sinna vébanda
- Að vekja athygli afreksfólksins í samfélaginu á ábyrgð þess sem fyrirmyndir og þar með í forvörnum ungmenna
- Að styðja vel viðburði og þá aðila sem efla forvarnir í sveitarfélaginu
- Að vera í nánú samstarfi við aðrar stofnanir sveitarfélagsins svo og á landsvísu, s.s. Lýðheilsustöð, ÍSÍ, UMFÍ, o.fl.

2.6 Almenningsíþróttir

Leiðir:

- Að bæta aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins
- Að kynna íþróttir og útivist sem mikilvæga forvörn gegn sjúkdómum
- Að kynna markvisst þá vannýttu aðstöðu sem fyrir er og hentar fyrir smærri hópa
- Að efla viðburði sem setja svip á bæjarlífið og hvetja til hreyfingar og útiveru
- Að leggja fleiri göngu-, hjóla- og reiðstíga
- Að gefa út kort af sveitarfélaginu og merkja inn á það íþróttá- tómstunda- og útivistarsvæði, leiðir og vegalengdir svo aðstaðan sé aðgengileg bæði íbúum og ferðamönnum⁶

2.7 Afreksíþróttir

Leiðir:

- Að styrkja sérstaklega þá aðila sem stunda íþróttir á afreksstigi og auðvelda þeim að stunda sína íþrótt
- Að styrkja og efla faglegt umhverfi sem mest með það í huga að afreksíþróttafólk í Árborg nái sem bestum árangri
- Að styðja fjárhagslega akademíur í Árborg og hvetja til stofnunar fleiri
- Að efla afrekssjóði íþróttafélaganna og Árborgar þannig að hægt sé að styrkja enn betur við þá sem ná afburðaárangri
- Að efla og styðja þá einstaklinga/þjálfara sem vilja bæta við menntun sína og þekkingu
- Að verðlauna afburðaárangur með sérstöku fjárframlagi



2.8 Leiðtogaþjálfun

Leiðir:

- Að standa fyrir sérstökum námskeiðum og styrkja klúbba sem efla frumkvæði, sjálfstæði og sjálfsmynd einstaklingsins
- Að auka markvisst hæfni ungmenna í Árborg í stjórnun og leiðtogahlutverki
- Að hafa að markmiði að bjóða sérstaka leiðtogaþjálfun/leiðtogaskóla sem valgrein í 9. og 10. bekk grunnskóla og í samvinnu við FSU⁷
- Að stuðla að nánun samstarfi við sambærilegar stofnanir, bæði innlandar og erlendar
- Að vinna markvisst að samstarfi við ungmenni annarra þjóða, s.s. í gegnum Ung i Norden, Evrópu unga fólksins, o.fl.

MARKMIÐSSETNINGAR

Neðanmálgreinar

1. Stefnt er að útgáfu kynningarbæklingis um íþróttá- og tómskundastarf í Árborg og þá aðstöðu sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða árið 2009
2. Stefnt er að því að byrjað verði að vinna eftir samfelldum vinnudegi barna og ungmenna árið 2010
3. Ungmennaráð var stofnað 2008
4. Stefnt er að því að hollvinasamtök fyrir ungmennahús verði stofnuð 2010
5. Ný forvarnastefna var gefin út haustið 2008
6. Gefið var út kort af Árborg með hjóla-, hlaupa- og gönguleiðum árið 2008
7. Stefnt er að stofnun leiðtogaskóla árið 2009

